

2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2012-2013

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 28. ágúst kl. 15:00. Mætt: Gunnólfur Lárusson, Friðrik Sigurðsson, Margrét Bjarnadóttir, og Sigurgeir Höskuldsson. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Þá sátu starfsmenn félagsins, Ari Páll Pálsson og Jóna Matthíasdóttir fundinn undir liðum 1. til 3.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og stjórnaði honum.

1. Farið yfir starfsemi félagsins, stefnumótun og fl.

Framkvæmdastjóri og starfsmenn gerðu grein fyrir megin verkaskiptingu og þeim verkum sem unnið er að hjá félaginu þessa mánuði. RR hefur á hendi almenna framkvæmdastjórn og fjárreiður félagsins, þ.m.t. greiðslu reikninga og ýmis samskipti félagsins út á við, verkefni sem snúa að nýtingu orkuauðlinda í héraði og verkefnisstjórn vaxtarsamnings. APP hefur á hendi umsjón með vefsíðu félagsins og tengdum síðum á sviði ferðamála, umsjón með endurnýjun göngukorta, umsjón og vinnu við gagnagrunn um atvinnulíf á starfssvæðinu og verkefnisstjórn fyrir Fuglastíg á Norðausturlandi. JM sér um færslu bókhalds, launavinnslu og almenna afgreiðslu og hefur einnig á hendi stuðning við frumkvöðla, aðstoð við gerð viðskiptaáætlana/rekstraráætlana og umsjón með sameiginlegum kynningarmálum ferðaþjónustunnar á svæðinu, þ.m.t. þátttöku í ferðakaupstefnum á borð við VestNorden.

Farið var yfir helstu markmið sem sett voru með stefnumótunarvinnunni 2010 en ljóst er að þar voru sett metnaðarfull markmið sem ekki hefur tekist að fylgja eftir að fullu vegna takmarkaðra fjárframlaga til félagsins og þess niðurskuðrar sem fram hefur farið undanfarin ár. Mikilvægt er því að forgangsraða verkefnum ásamt því að samstarf við starfsstöð NMÍ sem er í sama húsnæði hefur styrkt atvinnuþróunarstarfið á svæðinu í heild.

2. Hugmyndir um breytingar á stoðkerfi atvinnulífsins og sóknaráætlanir landshluta

Rætt um þær hugmyndir sem kynntar voru í sumar með tölvupósti starfsmanns stýrinets Stjórnarráðsins varðandi samþættingu verkefna á sviði atvinnu- og byggðapróunar í tengslum við framkvæmd stefnumótunarinnar Ísland 2020. Í þeim hugmyndum er gert ráð fyrir að sameina í eina „verkefnastöð“ atvinnuþróunarfélög, vaxtarsamninga, menningarsamninga og fleiri þætti undir hatti viðkomandi landshlutasamtaka.

Stjórn AP tekur undir sjónarmið þess efnis að skoða beri endurskipulagningu kerfisins með það að markmiði að nýta betur fjármuni og mannafla sem til staðar er. Hins vegar er það skoðun stjórnarinnar að starfssvæði AP sé sérstakt svæði í þessu tilliti og að á því eigi að starfa sérstak þróunarfélag með svipuðu sniði og verið hefur. Svæðið eigi ekki nema takmarkaða samleið með Eyjafjarðarsvæðinu í þessum málaflokki vegna ólíks byggðastigs og allt annarrar stöðu í atvinnumálum. Samstarf þessara svæða um sameiginleg hagsmunamál á eftir sem áður fullan rétt á sér.

Stjórnin mun áfram fylgjast með framvindu þessara mála sem m.a. verða megin verkefni aðalfundar Eyþings sem fram fer í byrjun október nk. Jafnframt hvetur hún til umræðu um

Þessi málefni á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna á starfssvæðinu sem mynda hið byggðapólitíska bakland starfseminnar.

3. Rekstrarstaða félagsins – 6 mán. samantekt

Framkvæmdastjóri fór yfir 6 mán. samantekt á rekstri félagsins em sýnir að hann er nærri áætlun á flestum sviðum og verður í jafnvægi á árinu miðað við þær forsendur sem fyrir liggja.

4. Vaxtarsamningur Norðausturlands – staða mála

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi framkvæmd samningsins sem undirritaður var í sumarbyrjun. Unnið hefur verið að gerða verklagsreglna og endurnýjun matsblaða umsókna og fleiri formgagna sem krafa er gerð um. Verkefnisstjórn var skipuð í sumar og er gert ráð fyrir að hún komi saman til fyrsta fundar í september. Verkefnisstjórnina skipa; Kristján Þ Halldórsson formaður án tilnefningar, Hilmar Dúi Björgvinsson tilnefndur af Samtökum atvinnurekenda á Norðausturlandi, Óli Halldórsson tilnefndur af Þekkingarneti Pingeyinga, Ólína Arnkelsdóttir tilnefnd af Héraðsnefnd Pingeyinga og Sigríður Ingvarsdóttir tilnefnd af Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

5. Fundur með Byggðastofnun 22. ágúst sl.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrri fundi sem Byggðastofnun boðaði til með framkvæmdastjórum atvinnuþróunarfélaga til að ræða framtíðarfyrirkomulag lánveitinga stofnunarinnar og fleiri mál.

- Farið var yfir stöðu lánasafns stofnunar eftir svæðum.
- Rætt um fýsileika þess að taka í upp ábyrgðarveitingar samhliða hefðbundinni lánastarfsemi eða að færa starfsemina alfarið í form ábyrgðarveitinga gagnvart almennum bankastofnunum sem þá sæju um allar beinar lánveitingar. Ýmis sjónarmið reifuð án þess að um eina niðurstöðu væri að ræða.
- Farið yfir stöðu mála varðandi breytingar á Stjórnarráðinu og í stoðkerfinu, sóknaráætlanir landshluta, samninga við atvinnuþróunarfélögin, vaxtarsamninga og fleira. Fram kom það sjónarmið fulltrúa stofnunarinnar og flestra fulltrúa atvinnuþróunarfélaganna að málaflokkurinn ætti að heyra undir innanríkisráðuneytið þó svo að hann muni færast a.m.k. tímabundið til hins nýja atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.
- Gerð grein fyrir kynning á vegum stofnunarinnar á IPA styrkjum og námskeiðum sem haldin verða til að aðstoða væntanlega umsækjendur.

6. Starf stjórnar – fundaplan og boðun funda

Samþykkt það verklag að í lok hvers stjórnarfundar sé tekin ákvörðun um tímasetninga næsta fundar sem verði að jafnaði með u.þ.b. sex vikna millibili. Samþykkt að næsti fundur verði boðaður þriðjudaginn 16. október kl. 13:00. Á þeim fundi verði m.a. tekin til umræðu drög að starfsáætlun félagsins fyrir árið 2013.

7. Önnur mál

- a) Rætt um útgáfu göngukorta á vegum félagsins og hvort halda bæri þeirri starfsemi áfram eða hvort e.t.v. gæti falist tækifæri í sölu á útgáfurétti kortanna. Engar ákvarðanir teknar en framkvæmdastjóra falið að fara yfir forsendur verkefnisins og leggja fyrir stjórnarfund.
- b) Staða verkefnisins Þingeyyska matarbúrið rædd og samþykkt að félagið muni ekki vinna frekar að því nema forsendir breytist með þeim hætti að hagsmunaaðilar á svæðinu taki inntak þess og fjárhagslega ábyrgð upp á sína arma.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30